

Starfsleyfi fyrir álver Norðuráls Helguvík s.f., iðnaðarsvæðinu við Helguvík.

kt. 480207-2030

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Norðurál Helguvík s.f., kt. 480207-2030, til framleiðslu áls á iðnaðarsvæðinu við Helguvík. Komi nýr aðili að rekstri álversins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Norðurál er hér eftir nefnt rekstraraðili.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 250.000 tonn af áli á ári í kerskálum álversins, auk reksturs tilheyrandi málmsteypu, ker- og skautsmiðju, flæðigryfju fyrir eigin framleiðsluúrgang, verkstæða og annarrar þjónustu fyrir eigin starfsemi.

1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Tækninni hefur verið lýst í BREF¹ skjali um “non-ferrous” málmiðnað, skv. ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit og verið skilgreind í tilmælum nr. 94/1 innan Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (PARCOM²).

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

¹ BREF stendur fyrir “BAT Reference” eða “Best Available Technology Reference”

² PARCOM stendur fyrir Paris Commission

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Gera skal sérstaka áætlun um útblástur við gangsetningu, stöðvun eða bilanir í álverinu. Áætlunin skal lögð fyrir Umhverfisstofnun til yfirferðar og samþykktar a.m.k. einu ári fyrir gangsetningu álversins.

Verði rekstri álversins eða verulegs hluta þess hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirframgerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar eigi síðar en tólf mánuðum eftir gangsetningu álversins. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan mánaðar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

1.6 Endurgangsetning rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar álverið eða einstakir kerskálar eru teknir í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7 Þynningarsvæði vegna loftmenngunar

Þynningarsvæði, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, er tilgreint á uppdrætti í viðauka 1. Umhverfismörk fyrir flúoríð eru sett $0,3 \mu\text{g}/\text{m}^3$ af vetnisflúoríði sem meðaltal fyrir tímabilið 1. apríl til 30. september ár hvert.

1.8 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar, nr. 785/1999. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi.

1.9 Breyttar forsendur

Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert er ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni, skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er án óhóflegs kostnaðar. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

1.10 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

LOFT

2.1 Rafgreining

Rekstraraðili skal gera ráðstafanir til að draga úr losun mengunarefna. Rafgreiningarker skulu búin þéttum þekjum og nægilega skilvirku afsogi til að draga úr því eftir því sem unnt er, að kergas sleppi út í kerskálana. Hönnun á þekjum og afsogsbúnaði frá rafgreiningarkerum og skipulag við opnun kera skal miða við að minna en 1% af kergasi sleppi út í kerskála. Einungis skulu notuð forbökuð rafskaut í rafgreiningarkerum.

2.2 Kerrekstur

Súralsflutningur, mötun á ker og fjöldi spennurisa skal vera með þeim hætti að ryk og kergas sem sleppur út í kerskála verði í lágmarki. Miða skal við að spennuris sé undir 0,1 á hvern kerdag miðað við 12 mánaða meðaltal.

2.3 Hreinsun kergass

Ryk og loftkennt flúoríð í afsogslofti frá rafgreiningarkerum skal hreinsað í þurrhreinsibúnaði með súráli og pokasíum. Súrál frá pokasíu skal notað til vinnslu í rafgreiningarkerum. Hönnun hreinsistöðva skal vera með þeim hætti að hreinsun uppfylli ákvæði greinar 2.5 jafnvel þótt ein eining hreinsistöðvar sé tekin úr sambandi. Reyksöfnunarkerfið skal hannað þannig að afsog eykst frá kerum þegar kerþekja er opnuð.

2.4 Ryk

Hönnun búnaðar skal miða við að rykmagn í útblásturslofti, sem berst út í andrúmsloftið frá tilteknum uppsprettum, að undanskildum útblæstri frá kerskálum og þurrhreinsibúnaði, þar sem ákvæði greinar 2.5 gilda, verði minna en 50 mg/Nm³ miðað við klukkustundar meðalgildi og eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.

2.5 Losunarmörk

Eftir fyrsta starfsár hvers áfanga skal magn mengunarefna í útblásturslofti (hreinsuðu gasi frá kerum og ræstilofti frá kerskála) ekki vera yfir neðangreindum mörkum miðað við heildarframleiðslu álversins:

Mengunarefni	Ársmeðaltal kg/t Al	Mánaðarmeðaltal kg/t Al
Heildarflúoríð	0,45	0,8
Ryk	1,0	1,3
Brennisteinsdíoxíð	18	18

Losun flúorkolefna skal vera innan við 0,14 tonn af koldíoxíðígildum á framleitt tonn af áli mælt sem ársmeðaltal frá og með fjórða framleiðsluári hvers áfanga. Fyrstu þrjú

framleiðsluár hvers áfanga skal losunin vera innan við 0,20 tonn af koldíoxíðígildum á framleitt tonn af áli mælt sem meðaltal þeirra þriggja ára. Hámarkslosun fyrstu þriggja ára fyrsta áfanga skal þó vera 0,28 tonn af koldíoxíðígildum á framleitt tonn á ári að meðaltali.

2.6 Gangsetning kera eftir fyrsta rekstrarár

Útblástur skal ætíð vera í samræmi við ofangreind mörk við reglubundna endurnýjun og gangsetningu kera. Gangsetning kera skal vera í samræmi við áætlun þar af leiðandi, sbr. gr. 1.5.

2.7 Reykháfur

Útblástur úr hreinsibúnaði álvers skal leiddur út um reykháfa. Hæð reykháfa, útblásturshraði og hitastig í reykháfum skal vera nægilega hátt til að tryggja að ákvæði um loftgæði og þynningarsvæði séu uppfyllt.

2.8 Önnur losun til andrúmslofts

Losun lífrænna efna skal eftir því sem við á vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 255/2002, um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum í tiltekinni starfsemi.

Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki.

Löndunar- og flutningskerfi fyrir súrál til kerskála álversins skal vera lokað með ryksöfnunarbúnaði við tengipunkta þannig að súrálstryk sem berst út í umhverfið sé í lágmarki. Uppskipun á öðrum efnum skal fara fram í samræmi við gildandi reglur um meðhöndlun slíkra efna.

VATN

2.9 Almenn

Heimilt er að setja kælivatn frá afriðlum, vélbúnaði og steypuskála og hreinsað húsaskólp, auk yfirborðsvatns í fráveitu frá framleiðslusvæðinu.

2.10 Fráveita

Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, ákvæði í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, sé uppfyllt. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokað. Forvarnir gegn olíumengun skulu vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.11 Olíuskilja

Frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal leitt í olíuskilju. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé að hámarki 15 mg/l. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum.

2.12 Seyra

Seyru og annan úrgang í hreinsibúnaði fráveitu skal endurvinna eða fjarlægja eftir þörfum og koma til viðurkennds endurvinnslu- eða förgunarstaðar í samræmi við kröfur laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

2.13 Yfirborðsvatn

Yfirborðsvatn frá svæðum þar sem líklegt er talið að mengunarefni geti borist í vatnið skal leitt um sandföng og olfuskiljur.

2.14 Kælikerfi

Leita ber samþykkis Umhverfisstofnunar fyrir efnasamböndum sem innihalda hættuleg efni og rekstraraðili hyggst nota í kælikerfum álversins. Sjó má hafa í kælikerfum og til annarra sambærilegra iðnaðarnota og veita aftur í hafið, enda séu uppfyllt ákvæði gr. 2.15 og aðrar losunarkröfur varðandi aukið magn annarra efna í viðtaka.

2.15 Kælivatn

Kælivatn frá kælikerfum má leiða til sjávar og skal það uppfylla eftirfarandi kröfur eftir meðhöndlun:

Efnispáttur	Hámarksstyrkur
Olía og fita	15 mg/l
Ál	20 mg/l
Flúoríð	50 mg/l
Svifagnir	50 mg/l

ÚRGANGUR

2.16 Almennt

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Stuðla skal að nýtingu endurnýtanlegs hluta úrgangs, svo sem brotajárns, einangrunar úr kerum, bakskauta, forskauta, kolefnisríks ryks og úrgangs sem inniheldur ál í miklum mæli.

2.17 Förgun framleiðsluúrgangs

Rekstraraðila er heimilt að farga í flæðigryfjur með útskolun sigvatns í sjó úrgang sem flokkast undir eftirtalin númer samkvæmt reglugerð nr. 184/2002;

- fóðringar og eldföst efni (16.11.00),
- gjall frá frumframleiðslu (10.03.04-10.03.05),
- skánir (10.03.15-10.03.16),
- kolaryk (10.03.18),
- aðrar agnir (10.03.22).

Meðhöndlun og frágangur úrgangs í flæðigryfjum skal vera í samræmi við aðlögunaráætlun og áhættumatsgreiningu, sem unnin er í samræmi við 25. grein reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs, og lið 3.4 í viðauka I í sömu reglugerð.

2.18 Flæðigryfjur

Staðsetning flæðigryfja skal ákveðin í samráði við Umhverfisstofnun, bæjarstjórn/-ir og hafnaryfirvöld á staðnum. Flæðigryfja skal varin ágangi sjávar. Þegar förgun er lokið skal hylja úrgang með skeljasandi og þekjuefni sem fellur inn í umhverfið. Úrgang sem getur dreifst með vindi skal þekja án tafar eða farga með öðrum hætti. Hindra skal aðgang almennings að förgunarstað.

2.19 Annar úrgangur

Almennan framleiðsluúrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Urðun, önnur en tilgreind er í grein 2.17, og brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.

2.20 Spilliefni

Spilliefnum, öðrum en þeim sem tilgreind eru í grein 2.17, og verða til við vinnsluna eða starfsemi henni tengdri skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

ANNAÐ

2.21 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá starfseminni eins og kostur er, meðal annars með reglulegum úrbótaverkefnum og tryggja að hávaði frá iðnaðarstarfseminni sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 933/1999, um hávaða. Við lóðamörk álversins skal hávaði ekki fara yfir 70dB(A) og reiknað hljóðstig í íbúðabyggð skal uppfylla ákvæði reglugerðar um hávaða.

2.22 Geymsla hráefna

Hráefni álversins skulu geymd í lokuðum geymslum. Geymsla lofttegunda skal vera í samræmi við sérstakar öryggisáætlanir til að lágmarka hættu á mengun andrúmslofts. Eldsneyti skal geymt í tönkum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.23 Geymsla utan dyra

Öll geymsla hráefna og framleiðsluvöru utan dyra skal vera á afgirtu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er bannaður.

3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS

3.1 Mælingar og upplýsingagjöf

Rekstraraðili skal útbúa vöktunaráætlun um mælingar útblásturs, frárennslis og hljóðstigs frá álverinu. Endanleg áætlun skal kynnt Umhverfisstofnun a.m.k. einu ári fyrir gangsetningu álvers og er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Áætlunin skal ná yfir alla þá þætti sem tilgreindir eru í greinum 2.2, 2.4, 2.5, 2.11, 2.15, 2.17 og 2.21 ásamt öðrum þáttum sem kunna að hafa marktæk áhrif á styrk efna í umhverfinu. Drög að áætlun eru í viðauka 2.

Mæliáætlun og mæliaðferðir skulu endurskoðaðar í fyrsta sinn þegar eitt ár er liðið frá því að mælingar hófust og síðan hvenær sem rekstraraðili eða Umhverfisstofnun óska eftir slíkri endurskoðun.

Rekstraraðili skal, í samvinnu við Umhverfisstofnun, gera yfirlit yfir þær hávaðauppsprettur sem kunna að valda hávaða yfir leyfilegum mörkum, sbr. grein 2.21, utan iðnaðarsvæðisins í Helguvík. Kortlögð skal dreifing hávaða frá starfseminni í samræmi við framangreint yfirlit. Ef gerðar verða meiriháttar breytingar á rekstri sem geta haft áhrif á hávaða frá álverinu, skal endurmeta dreifingu hans.

3.2 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- tæmingu olúgildra og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim,
- niðurstöður mengunarmælinga sem krafist er samkvæmt grein 3.1.,
- prófun og kvörðun mælibúnaðar,
- efnainnihald hráefna og eldsneytis,
- magn og tegund úrgangs sem fer til endurnýtingar/endurvinnslu eða förgunar,
- niðurstöður hávaðamælinga.

3.3 Gæði mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

3.4 Prófun og kvörðun vöktunarbúnaðar

Sjálfvirkur vöktunarbúnaður fyrir losun í andrúmsloft skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir. Kvörðun samkvæmt tilvísunaraðferðum eða samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda vöktunarbúnaðar skal fara fram samhliða mælingum á a.m.k. þriggja ára fresti.

3.5 Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald.

Rekstraraðili skal færa ústreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 322/2002, um ústreymisbókhald.

Skila skal árlega niðurstöðum bókhaldsins til Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMÁRMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi álversins veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá álverinu verði eins lítil og kostur er.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður og bera ábyrgð á samskiptum rekstraraðila við Umhverfisstofnun hvað varðar eftirlit með mengunarvörnum innan fyrirtækisins. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnun og markmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.4 Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal hafa tiltækar viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar sjávar og andrúmslofts. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.5 Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun, sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Ef þurrhrensibúnaður stöðvast í meira en 1 klukkustund skal fylgja samþykktri áætlun um útblástur við gangsetningu, stöðvun eða bilanir í álverinu, sbr. gr. 1.5. Tilkynna skal um slík óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4.

4.6 Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um mengun hafs og stranda.

4.7 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerð nr. 786/1999, um mengunarmælingar.

4.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

4.9 Samráðsfundur

Rekstraraðili boðar árlega fulltrúa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja á samráðsfund. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit eða ársskýrslu um þau atriði sem fjallað er um í grein 3.1, 3.2, 3.5, 4.1 og kafla 5. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarmælinga, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlega endurskoðun á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða. Ofangreindir aðilar geta boðað til samráðsfundar oftast ef ástæða er til.

4.10 Aðrar skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal ársfjórðungslega senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga og útreikninga í útblæstri í samræmi við gr. 3.1. Einnig skal senda Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja afrit af öllum skýrslum og tilkynningum samkvæmt starfsleyfi þessu.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Bakgrunns­mælingar

Framkvæma skal bakgrunnsrannsóknir og meta ástand umhverfisins áður en rekstur álversins hefst samkvæmt sérstökum samningi milli Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi iðnrekenda á iðnaðarsvæðinu í Helguvík.

5.2 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal standa fyrir mælingum á helstu umhverfisþáttum í nágrenni álversins eftir gangsetningu eins og lýst er í viðauka 2 með starfsleyfi þessu. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir.

5.3 Aðrar rannsóknir

Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir sem taldar eru nauðsynlegar af Umhverfisstofnun og rekstraraðila skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli þessara aðila.

5.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal fyrir 1. maí árlega senda Umhverfisstofnun skýrslu um umhverfissvöktun næsta árs á undan samkvæmt grein 5.2 og 5.3.

5.5 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni álversins samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. flokk skv. viðauka 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi þegar vinnsla áls hefst í kerskála álversins og gildir til dd. mm 2024.

Reykjavík dd. mm 2008
Umhverfisstofnun

VIÐAUKI 1: Þynningarsvæði í Helguvík



VIÐAUKI 2: Áætlun um mælingar á útblæstri og frárennsli álvers Norðuráls í Helguvík.

Mengunarefni	Mælistaður	Tímabil meðaltals	Mælieining	Tíðni sýnatöku
Loftkennt flúoríð	Hreinsað gas í reykháfi	Mánuður	kg/t Al	Stöðug í reykháfi frá hreinsivirki
Flúoríð í ryki	Hreinsað gas í reykháfi	Árleg marktæk mæling	kg/t Al	Árleg úr reykháfi, nægilega stór sýnaröð til að fá tölfraðilega marktækt gildi
Ryk	Hreinsað gas í reykháfi	Mánuður	kg/t Al	Stöðug í reykháfi frá hreinsivirki
Brennisteins-díoxíð	Hreinsað gas í reykháfi	Mánuður	kg/t Al	Stöðug í reykháfi frá hreinsivirki
Loftkennt flúoríð	Ræstiloft frá kerskála	Mánuður	kg/t Al	Samfelld mæling á dæmigerðum stöðum
Flúoríð í ryki	Ræstiloft frá kerskála	Árleg marktæk mæling	kg/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfraðilega marktækt gildi
Ryk	Ræstiloft frá kerskála	Árleg marktæk mæling	kg/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfraðilega marktækt gildi
Ryk, annað en frá þurrhreinsibúnaði	Tilteknar uppsprettur	Marktæk mæling	mg/Nm ³	Óregluleg
Olía	Kælivatn frá afriðlum og steypuskála	Marktæk mæling	mg/l	Tvisvar á ári